

# Kennslumálasjóður árið 2020, leið A.

## SKÝRSLA STYRKÞEGA UM STÖRF SÍN Á STYRKTIMABILINU

### Framgangur verkefnisins

Verkefninu *Earth101. Fræðsla til framtíðar*, nr. 190049-5801 er næstum lokið en aðeins á eftir að ganga frá tæknilegum þáttum sem tengjast úrvinnslu myndefnis þess sem tekið var upp á vormánuðum 2023. Verkefnið fylgdi á engan hátt þeirri tíma- og verkáætlun sem fram kom í verkefnislýsingu, því að þótt fyrsti hlutinn sem fólst í uppfærslu, útvíkkun og íslenskun heimasíðunnar væri unninn sumarið og haustið 2020 af Eyrúnu Lóu Eiríksdóttur og Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur, varð talsverður dráttur á áframhaldinu vegna covid-faraldursins. Ýmsar áherslubreytingar voru óhjákvæmilegar, en stefnt hafði verið á ráðstefnu seint á vormánuðum 2021 en þá voru samkomutakmarkanir þær sem áttu eftir að stýra öllu næsta eina og hálfu árið í fullu gildi. Það hafði jafnframt þau áhrif að samfélagsmiðlun afgangi þar sem ekki var unnt að búa til nýtt efni sökum faraldursins.

Þó að afraksturinn af *Earth101* séu upptökur sem eru aðgengilegar öllum á netinu hefur alltaf verið lögð á það mikil áhersla að halda stórar vinnustofur með þeim sérfræðingum sem koma til landsins þar sem innlendir aðilar eru fræddir um loftslagsvandann. Var það sérstaklega mikilvægt í þetta sinn vegna þess að nú áttu grunn- og framhaldsskólakennarar að vinna með sérfræðingunum í vinnustofum að leiðum til þess að miðla loftslagsvandann til nemenda sinna og kynna átti *Earth 101* verkefnið fyrir kennurunum um leið.

Undirrituðum tókst loksins að halda ráðstefnuna fyrstu vikuna í febrúar 2023 og voru þá teknir upp 5 fyrirlestrar með bresku loftslagssérfræðingunum George Marshall, stofnanda Climate Outreach og Mike Berners-Lee, prófessors við Lancasterháskóla og framkvæmdastjóra Small Worlds Consulting. Þetta ár snerist efni ráðstefnunnar eins og áður sagði um miðlun loftslagsvandans til barna á grunn- og framhaldsskólastigi og það hvernig stjórnendur í borginni og ráðuneytum ættu að miðla honum til almennings. Ég fékk Reykjavíkurborg, Forsætisráðuneytið og Umhverfis-, orku, og loftslagsráðuneytið til samvinnu við mig í þessum hluta verkefnisins.

Innlendu viðburðirnir og vinnustofurnar voru með þessum hætti.

**1) Mánudaginn 13. febrúar 2023** bauð ég í samstarfi við Reykjavíkurborg 120 kennurum á grunn- og framhaldsskólastigi af Stór-Reykjavíkursvæðinu á þrjá af fyrirlestrunum (sjá viðhengi) og í kjölfarið vorum við með lokaðar vinnustofur með kennurunum. Fyrirlestrarnir og umræðurnar snerust um spurningar er varða miðlun loftslagsvandans til ungmenna, áherslur, miðlunarleiðir og ýmsar nálganir sem eru vinsælar en ber að varast og *Earth101* vefurinn var kynntur fyrir kennurunum sem tæki til miðlunar. Þessi viðburður stóð frá **09.50–12.30** og var haldinn í Tjarnarsal Ráðhússins.

**2)** Síðar sama dag, frá **13.30–15.00**, var annar viðburður í Tjarnarsal Ráðhússins (sjá viðhengi) þar sem fluttir voru tveir fyrirlestrar fyrir skólastjórnendur, forstöðumenn frístundaheimila, lykilaðila í stjórnsýslunni og fulltrúa úr borgarráði (á milli 40-50 gestir mættu). Hér var megináherslan á miðlunarvandann sem tengdur er loftslagsmálum. Allir fimm fyrirlestrarnir voru teknir upp á 3 háskerpumyndavélar og verða settir á heimasvæði *Earth101* á næstu vikum.

**3)** Samstarfsverkefninu við borgina lauk með klukkutíma fundi (**15.15–16.30**) með Degi Eggertssyni borgarstjóra og Einari Þorsteinssyni formanni borgarráðs ásamt hópi borgarfulltrúa þar sem umræðuefnið var hlutverk borga í lausn loftslagsvandans og miðlun loftslagsmála til almennings.

**4) Fimmtudaginn 16. febrúar:** Dagskrá á vegum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Forsætisráðuneytisins. Þetta er texti fundarboðsins (sjá í viðhengi frétt af viðburðinum):

„Markmið fundarins er að vera hvatning fyrir okkur sem störfum í stjórnarráðinu við að framfylgja loftslagsmarkmiðum stjórnvalda, til að gera enn betur og stilla saman strengi. Mike Berners-Lee og George Marshall eru sérfræðingar í loftslagsmálum, sem hafa skrifað vinsælar bækur um málefnið, tekið virkan þátt í umræðum og fengið fólk til að horfa á málin frá ólíkum sjónarhornum. Þeir verða staddir á Íslandi í næstu viku í tengslum við Earth 101 verkefni alþjóðlegrar upplýsingaveitu um loftslagsmál sem styrkt er af Loftslagssjóði.

Viðburðurinn verður haldinn **16. febrúar á Hilton Nordica, milli kl 9.30 og 11.**

Dagskrá

- 9:30. Mike Berners-Lee fjallar um mikilvægi þess að horfa á stóru myndina þegar kemur að loftslagsvánni, með áherslu á hlutverk fyrirtækja.
- 10:00. George Marshall skoðar tækifærin sem við höfum til þess að sameina fólk í vinnunni við þennan mikilvæga málaflokk.
- 10:30-11:00. Dr. Marta Rós Karlsdóttir, sviðstjóri sjálfbærrar auðlindanýtingar á Orkustofnun, stýrir umræðum.“

**5) 13.00–14.00:** Klukkutíma fundur með sérfræðingunum tveimur og Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, þar sem rætt var um orkustefnu Íslendinga og framlag þeirra til loftslagsmálanna. Marshall og Berners-Lee funduðu í kjölfarið með Eggerti Jóhannssyni formanni Loftslagsráðs og fleiri fulltrúum ráðsins og voru áform um að þeir myndu vinna sem ráðgjafar ráðsins næstu misserin. Þessir fundir eru þó ekki á vegum Earth101 þótt ég hafi komið að undirbúningi þeirra og því ekki hluti af lokaskýrslu.

**6) 14.14-15.30:** Tvær vinnustofur á Hilton Nordica með fulltrúum frá ráðuneytunum og þeim stofnunum í íslenskri stjórnarsýslu sem tengjast loftslagsmálum með einum eða öðrum hætti. Með þessum fundi lauk samstarfi Earth101 og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Forsætisráðuneytisins.

**7) Föstudagurinn 17. febrúar:** Þriggja tíma upptökur á vegum Earth101 þar sem teknar voru upp sex stuttmyndir, tvö viðtöl og þrjár umræðuspurningar (Earth101 climate question).

**8) Febrúar fram í ágúst:** Eftirvinnsla á fyrirlestrum og myndböndum. Þegar er búið að ganga frá umræðuspurningunum og nú er verið að klippa saman stuttmyndirnar. Gert er ráð fyrir að ljúka vinnu við fyrirlestrana í ágústlok og verða þeir settir á netið frá september fram að áramótum 2023.

Virðingarfyllt,

Guðni Elísson